



Fundur í sveitarstjórn

76. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn fimmtudaginn 25. janúar 2018 og hófst kl. 17:00.

Mætt voru: Þorsteinn Ægir Egilsson oddviti, Reynir Atli Jónsson, Hulda Kristín Baldursdóttir, Þorsteinn Vilberg Þórisson, Siggeir Stefánsson, Steinunn Leósdóttir, Karl Ásberg Steinsson, Elías Pétursson sveitarstjóri og Jónas Egilsson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Oddviti tilkynnti að fundurinn yrði tekinn upp og sendur út á netinu.

Að því loknu var gengið til dagskrár.

Dagskrá

- 1) Fundargerð 196. fundar heilbrigðisnefndar Norðausturlandssvæðis eystra, dags. 7. nóvember 2017
- 2) Fundargerð 55. fundar barnaverndarnefndar Þingeyinga, dags. 13. desember 2017
- 3) Fundargerð 30. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar, dags. 22. janúar 2018, ásamt minnisblaði, dags. 22. janúar 2018.
 - a) *Liður 1, Rekstrarleyfi Lyngholts ehf. vegna Fjarðarvegur 12*
 - b) *Liður 2, Lóðamörk Bakkavegur 2*
 - c) *Liður 7, Útlitsbreytingar á Langanesvegi 10 (Bjarg)*
- 4) Fundargerð 12. fundar rekstrarnefndar Nausts, dags. 9. okt. 2017
- 5) Innsent erindi: Landgræðsla ríkisins, endurheimt votlendis, dags. 12. desember 2017
- 6) Langanesvegur 2
- 7) Skólahúsnæði á Bakkafirði
- 8) Erindi frá Áka Guðmundssyni, dags. 28. júlí 2018
- 9) Erindi frá Sókn lögmansstofu f.h. Halldórs fiskvinnslu, dags. 6. desember 2017
- 10) Nýbygging leikskóla undirskriftasöfnun
- 11) Nýbygging leikskóla, umsögn Enor ehf., dags. 12. des. 2017
- 12) Nýbygging leikskóla, jarðvinna verðkönnun
- 13) Finnaþjarðarverkefnið, stöðuskýrsla
- 14) Skýrsla sveitarstjóra



Fundargerð

1. Fundargerð 196. fundar heilbrigðisnefndar Norðausturlandssvæðis eystra, dags. 7. nóvember 2017

Fundargerð lögð fram.

2. Fundargerð 55. fundar barnaverndarnefndar Þingeyinga, dags. 13. desember 2017

Fundargerð lögð fram.

Til máls tóku: Siggeir Stefánsson, Elías Pétursson.

Siggeir Stefánsson lagði til svohljóðandi bókun: Fundargerð barnaverndarnefndar verði send til fræðslunefndar til kynningar.

Samþykkt samhljóða.

3. Fundargerð 30. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar, dags. 22. janúar 2018, ásamt minnisblaði, dags. 22. janúar 2018.

Liður 1, Rekstrarleyfi Lyngholts ehf. vegna Fjarðarvegur 12

Fram er lagt minnisblað unnið af skrifstofu. Minnisblaðið er unnið í kjölfar þess að í ljós kom að ekki er lengur heimilt að veita tímabundið rekstrarleyfi sbr. afgreiðslu sveitarstjórnar undir 5 dagskrárlið b. á 74. fundi sveitarstjórnar.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn samþykkir að mæla með framlagðri umsókn um rekstrarleyfi fyrir sitt leyti.

Samþykkt með fimm atkvæðum. Þorsteinn Ægir og Hulda Kristín sátu hjá.

Liður 2, Lóðamörk Bakkavegur 2

Lagður fram uppdráttur sem sýnir mörk lóða við Bakkaveg 2 og næstu lóða. Skv. uppdrættinum er lóðin við Bakkaveg 2 samtals 637m².

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn staðfestir samþykkt umhverfis- og skipulagsnefndar og felur sveitarstjóra að láta vinna lóðablöð skv. uppdrættinum.

Til máls tóku: Elías Pétursson, Siggeir Stefánsson, Elías Pétursson.

Samþykkt samhljóða

Liður 7, Útlitsbreytingar á Langanesvegi 10 (Bjarg)

Lagðar fram tvær teikningar frá JeES arkitektum, dags. 14. des. 2017, um breytingar á útliti húss að Langanesvegi 10.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn samþykkir framlagðar tillögur fyrir sitt leyti.

Samþykkt samhljóða.



4. Fundargerð 12. fundar rekstrarnefndar Nausts, dags. 9. okt. 2017

Fundargerðin lögð fram.

5. Innsent erindi: Landgræðsla ríkisins, endurheimt votlendis, dags. 12. desember 2017

Erindið lagt fram.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn vísar málinu til landbúnaðarnefndar og umhverfis- og skipulagsnefndar til umfjöllunar.

Til máls tók Siggeir Stefánsson.

Samþykkt samhljóða.

6. Langanesvegur 2

Sveitarstjóri fór yfir stöðu máls en húsið hefur staðið autt um langa hríð og er af því mikið lýti í bæjarmyndinni. Fram kom í máli sveitarstjóra að byggingarfulltrúi hafi sent eigendum bréf vegna dagsekta þar sem húsið er ekki á nokkurn hátt í ásættanlegu ástandi.. Eigendur hafa hreyft andmælum við álagningu dagsekta.

Sveitarstjóri fer þess hér með á leit að honum verði veitt heimild til viðræðna við eigendur húsnæðisins um framtíð þess og þá mögulega aðkomu sveitarfélagsins að þeirri framtíð.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjóra falið að ræða við eigendur húsnæðisins.

Sveitarstjóri óskaði eftir fundarhléi kl. 17:17. Samþykkt.

Oddviti setti fund að nýju kl. 17:20.

Samþykkt með sex atkvæðum. Steinunn Leósdóttir sat hjá.

7. Skólahúsnæði á Bakkafirði

Sveitarstjóri fór yfir málið og lagði til að honum yrði falið það verkefni að auglýsa eftir samstarfsaðilum um rekstur í húsnæði grunnskólans á Bakkafirði. Sérstaklega verði horft til ferðaþjónustutengdrar starfsemi og eða annarrar starfsemi sem nýtist samfélaginu á Bakkafirði. Í framhaldi af auglýsingu verði lagðar fyrir sveitarstjórn tillögur um nýtingu, fyrirkomulag og rekstur byggðar á hugmyndum áhugasamra aðila. Markmiðið er að koma starfsemi í húsnæðið samfélaginu á Bakkafirði til hagsbóta. Þess verði gætt að íbúar á Bakkafirði og nágrenni geti haft afnot af húsnæðinu undir samkomur og annað, eins og verið hefur.

Samþykkt um bókun: Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að auglýsa eftir áhugasömum aðila til samstarfs um rekstur hússins byggðan á því sem hér kemur fram.

Samþykkt samhljóða.



8. Erindi frá Áka Guðmundssyni, dags. 28. júlí 2017

Lagt er fram bréf frá Áka Guðmundssyni ásamt fylgiskjölum málsins.

Samþykkt um afgreiðslu: Sveitarstjórn felur sveitarstjóra í samráði við oddvita að svara bréfitara.

Siggeir Stefánsson óskaði eftir fundarhléi kl. 17:25. Samþykkt.

Oddviti setti fund að nýju kl. 17:30.

Til máls tók: Siggeir Stefánsson og lagði fram svohljóðandi bókun: U-listinn telur áriðandi að vandaðir stjórnsýsluhættir verði stundaðir í Langanesbyggð.

Samþykkt með fjórum atkvæðum. Siggeir Stefánsson, Karl Ásberg og Steinunn Leósdóttir sátu hjá.

9. Erindi frá Sókn lögmannsstofu f.h. Halldórs fiskvinnslu, dags. 22. desember 2017

Erindi frá Sókn lögmannsstofu, dags. 22. des. 2017, fyrir hönd Halldórs fiskvinnslu lagt fram.

Samþykkt um bókun: Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að óska álits lögfræðings sveitarfélagsins og leggja fyrir næsta reglulega fund sveitarstjórnar.

Til máls tóku: Karl Ásberg Steinsson, Elías Pétursson, Siggeir Stefánsson, Elías Pétursson veitti andsvar, Siggeir Stefánsson, Elías Pétursson veitti andsvar.

Samþykkt samhljóða.

10. Nýbygging leikskóla undirskriftasöfnun

Lagt fram minnisblað skrifstofustjóra, dags. 15. þessa mánaðar sem unnið var að beiðni sveitarstjóra. Í minnisblaðinu koma fram ábendingar um ágalla á framkvæmd undirskriftasöfnunarinnar. Niðurstaða minnisblaðs er sú að söfnunin standist ekki kröfur sem gerðar eru til safnana af þessu tagi skv. lögum og samþykktum sveitarfélagsins.

Til máls tók: Elías Pétursson.

Reynir Atli óskaði eftir fundarhléi kl. 17:42. Samþykkt.

Oddviti setti fund að nýju kl. 17:50.

Til máls tók Hulda Kristín Baldursdóttir og lagði fram svohljóðandi bókun: Um leið N og L-listi taka undir það sem fram kemur í framlögðu minnisblaði þá harma listarnir þá stöðu sem íbúar sveitarfélagsins hafa verið settir í með undirskriftasöfnun U-lista. Undirskriftasöfnun sem sett er fram bæði undir villandi formerkjum og með miklum göllum á framkvæmd og framsetningu.

Siggeir Stefánsson óskaði eftir fundarhléi kl. 17:52. Samþykkt.

Oddviti setti fund að nýju kl. 17:56.



Til máls tók Siggeir Stefánsson og lagði fram svohljóðandi bókun U-listans: U-listinn vill koma eftirfarandi á framfæri vegna undirskriftasöfnunar.

Að mati fulltrúa U-listans er það hafið yfir allan vafa að um 40% af kosningabærum íbúum Langanesbyggðar óskaði eftir því að haldin yrði íbúakosning um hvar ætti að staðsetja nýbyggingu leikskóla. Það er einnig ljóst að umrædd undirskriftasöfnun er ekki skuldbindandi fyrir sveitarstjórn um að halda íbúakosningu um þetta tiltekna mál. Það eru aftur á móti skýr skilaboð til sveitarstjórnar þegar 40% íbúa sveitarfélagsins óska eftir því með beinum hætti að fá aðkomu að málinu. Hafa ber í huga að ekki náðist að leggja undirskriftalistann fyrir alla kosningabæra íbúa sveitarfélagsins og því má ætla að þetta hlutfall hefði getað orðið enn hærra.

Það eru í besta falli sorgleg viðbrögð hjá meirihluta sveitarstjórnar að hunsa algerlega þetta ákall íbúanna en leita í stað þess að tæknilegum hnökrum á framkvæmd undirskriftasöfnunarinnar. Meirihlutinn hefur þannig misst sjónar á aðalatriðum málsins, sem er vilji íbúa sveitarfélagsins.

Um 40% af kosningabærum íbúum Langanesbyggðar . rituðu nafn sitt á listann eða um 130 nöfn. Það kom á óvart við söfnun undirskriftanna hve margir íbúar höfðu ekki vitneskju um að þeirri ákvörðun um sambyggingu við grunnskólann hefði verið breytt. Söfnunin fór fram 13. nóvember árið 2017.

Til máls tóku: Hulda Kristín Baldursdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Karl Ásberg Steinsson, Reynir Atli Jónsson, Siggeir Stefánsson, Hulda Kristín Baldursdóttir, Karl Ásberg Steinsson, Reynir Atli Jónsson, Siggeir Stefánsson.

11. Nýbygging leikskóla, umsögn Enor ehf., dags. 12. des. 2017

Fram er lögð til kynningar umsögn Enor ehf. um mikla fjárfestingu samkvæmt 66. gr. sveitarstjórnarlaga. Það er mat umsagnaraðila að lokinni skoðun á fjárhag sveitarfélagsins og áætlunum um kostnað við nýjan leikskóla, að sveitarfélagið sé í góðri stöðu til að takast á við þessa framkvæmd og geti tekist á við möguleg frávík frá áætlunum. Einnig er það mat þeirra að framkvæmdin muni hafa sparnað í för með sér til lengri tíma lítið.

Til máls tóku: Siggeir Stefánsson, Elías Pétursson, Þorsteinn Ægir Egilsson, Siggeir Stefánsson, Elías Pétursson. Siggeir Stefánsson veitti andsvar.

12. Nýbygging leikskóla, jarðvinna verðkönnun

Lögð fram drög að verðkönnunarblaði vegna jarðvegsframkvæmda við nýjan leikskóla.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjóra falið að framkvæma verðkönnun vegna jarðvinnu vegna nýbyggingar leikskóla. Mat á niðurstöðu verðkönnunar verði lagt fyrir næsta reglulega fund sveitarstjórnar.



Til máls tóku: Elías Pétursson, Karl Ásberg Steinsson, Elías Pétursson veitti andsvar, Siggeir Stefánsson, Elías Pétursson, veitti andsvar, Karl Ásberg Steinsson, Elías Pétursson veitti andsvar.

Siggeir Stefánsson bað um fundarhlé kl. 18:36. Samþykkt.

Oddviti setti fund að nýju kl. 18:45.

Til máls tók: Siggeir Stefánsson og lagði fram svohljóðandi bókun: U-listinn vill koma eftirfarandi á framfæri vegna framkvæmda við byggingu nýs leikskóla.

U-listinn telur að fyrirliggjandi gögn sem snúa að verðkönnun vegna jarðvegsskipta sem eftir eru við bílastæði og byggingu séu ófullnægjandi og óskar eftir því að þau verði lagfærð og einnig óskum við eftir að könnuninni verði breytt í formlegt útboð.

Til máls tók: Elías Pétursson.

Samþykkt með fjórum atkvæðum. Á móti: Siggeir Stefánsson, Steinunn Leósdóttir, Karl Ásberg Steinsson.

13. Finnafjarðarverkefnið, stöðuskýrsla

Fram er lögð skýrsla sem lögmenn sveitarfélaganna Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps tóku saman að ósk sveitarstjóra beggja sveitarfélaga. Skýrslan fjallar um stöðu Finnafjarðarverkefnisins og gefur glögga mynd af þeirri vinnu sem fram fór á árinu 2017.

Á árinu 2018 er stefnt að því að koma verkefninu áfram í anda þeirrar hugmyndafræði sem í skýrslunni er lýst. Í viðræðum milli aðila er stefnt á að verkefnið verði komin á ákveðið framkvæmdastig þ.e.a.s. að gengið verði frá stofnun þeirra félaga sem að verkefninu munu koma. Þar er um að ræða hafnarfélag (FFPA), þróunarfélag (FFPD) og félag, ef vilji landeigenda stendur til þess, sem fram kæmi fyrir hönd landeigenda.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjóra er falið að halda áfram þeirri vinnu sem í gangi hefur verið, þ.m.t. að ræða eignarhald og leggja fram tillögur þar um. Auk þess er veitt heimild til að vinna að stofnun FFPA og FFPD. Gert er ráð fyrir því að sveitarfélögin muni að fullu eiga hafnarfélagið FFPA. Samningar um eignarhald, stofnsamningur um FFPA, og aðra samninga skal leggja fyrir sveitarstjórnir beggja sveitarfélaga til samþykktar eða synjunar.

Til máls tóku: Elías Pétursson.

Karl Ásberg Steinsson bað um fundarhlé kl. 18:55. Samþykkt.

Oddviti setti fund að nýju kl. 18:56.

Samþykkt samhljóða.



14. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir þau mál sem ekki er getið sérstaklega hér að ofan og hafa verið í gangi hjá skrifstofu.

Fundargerðin upplesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:19.